

Moldun

Allir heilir, une vér sjáumst nestl Drottinn yður dýrstur leiði,
drottinn allan vanda greið; allir heilir, unz ver sjáumst næst.
Þar sem herrann er, herrann er allir vér, allirir vér

*Lag sem átti sérstakan sess í lífi Sissa og var oft sungið við
jarðarfarir í hans bernsku - Höf. óþekktur / W.G. Tomer*

Blessun



Eftirspil

Skaftárþing

Sigurjón Kjartansson



Prestur: Séra Haraldur M. Kristjánsson

Organisti: Þórður Sigurðarson

Einsöngur: Lóa Kolbrá


Söngur: Tindatríóið; Atli Guðlaugsson,

Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason

Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og
bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn
lokinni á Hótel Dyrhólaey**


Jarðsett verður í Skeiðflatarkirkjugarði



Sigþór Sigurðsson

Fæddur 28. september 1928

Dáinn 9. desember 2022



Útför frá Skeiðflatarkirkju
laugardaginn 17. desember 2022

Útvarpstíðni er FM104

Nú er komið sólsetur, sofðu lengi – Farðu vel

Forspil

Largo

Hendel

Bæn

Einsöngur

Orðin mín

Bragi Valdimar Skúlason

Ritningarlestur

Vertu, Guð faðir, faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.

Höndin þín, Drottinn, hlífi mér,
þá heims ég aðstoð missi,
en nær sem þú mig hirtir hér,
hönd þína' eg glaður kyssi.

Dauðans stríð af þín heilög hönd
hjálpi mér vel að preyja,
meðtak þá, faðir, mína önd,
mun ég svo glaður deyja.

Minn Jesús, andlátsorðið þitt
í mínu hjarta' eg geymi,
sé það og líka síðast mitt,
þá sofna' eg burt úr heimi.

*Lag eftir móður Sissa
- Hallgrímur Pétursson / Ástríður Stefánsdóttir*

Guðspjall

Kenndu mér Guð að lifa svo þér líki
lýstu mér inn í dagsins himnaríki,
kærleikans heim og viljans til að vinna,
að vexti sjálfs og ekki síður hinna.

Þú veist og skilur mikli yfirandi
að ógnarættan stafar hverju landi
frá trylltu veðravíti í mannsins heila,
er valdsjúkir andstæðingar deila.

Hér vantar ekki bil á milli bæja
og bjargráð eru til sem öllum nægja,
ef einn í sveit er öllum hinum góður
og allir honum reynast líkt og bróður.

Kenn öllum, Guð að lifa svo þér líki,
lýstu þeim inn í dagsins himnaríki,
kærleikans heim og viljans til að vinna
að vexti sjálfs og ekki síður hinna.

Stefán Hannesson / Hrönn Brandsdóttir

Minningarorð

Hvað bindur vorn hug við heimsins glaum,
sem himnaarf skulum taka?
Oss dreymir í leiðslu lífsins draum,
en látumst þó allir vaka,
og hryllir við dauðans dökkum straum,
þó dauðinn oss megi' ei saka.

Til moldar oss vígði hið mikla vald,
hvert mannlíf, sem jörðin elur.
Sem hafsjór, er rís með fald við fald,
þau falla, en Guð þau telur,
því heiðloftið sjálft er huliðstjald,
sem hæðanna dýrð oss felur.

En ástin er björt sem barnsins trú,
hún blikar í ljóssins geimi,
og fjarlægð og nálægð, fyrr og nú,
oss finnst þar í eining streymi.
Frá heli til lífs hún byggir brú
og bindur oss öðrum heimi.

Af eilífðar ljósi bjarma ber,
sem brautina þungu greiðir.
Vort líf, sem svo stutt og stopult er,
það stefnir á æðri leiðir.
Og upphiminn fegri' en auga sér
mót öllum oss faðminn breiðir.

Einar Benediktsson / Christoph E.F. Weyse

Bæn og Faðir vor

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.
Vesalings sóley, sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

*Lag sem var oft sungið við
eldhúsbörðið í Litla Hvammi í
röddum í góðra vina hóp
- Jónas Hallgrímsson / Jón Nordal*